

## **Reglur um tilnefningu bæjarlistamanns Fjallabyggðar**

### **1.gr.**

Menningarnefnd Fjallabyggðar veitir listamanni í Fjallabyggð nafnbótina „Bæjarlistamaður Fjallabyggðar“, ásamt styrk til eins árs. Aðeins þeir listamenn sem búsettir hafa verið í Fjallabyggð að minnsta kosti um tveggja ára skeið koma til greina. Nafnbótin getur hvort sem er hlotnast einstaklingum eða hópi.

### **2. gr.**

Styrkurinn skal vera ákveðin upphæð á ári samkvæmt fjárhagsáætlun. Upphæð styrks skal koma fram þegar auglýst er eftir bæjarlistamanni.

### **3. gr.**

Menningarnefnd auglýsir eftir umsóknum og/eða óskar eftir rökstuddum ábendingum um bæjarlistamann, en er þó ekki bundin af því. Auglýst skal í bæjarblöðum og á heimasíðu Fjallabyggðar fyrir 25. nóvember ár hvert. Ákvörðun um bæjarlistamann er tekin af menningarnefnd ásamt óháðum fagaðila.

### **4. gr.**

Í umsókn listamanns skal koma fram á hvern hátt hann hugsar að láta sveitarfélagið og íbúa þess njóta listar sinnar.

Það getur t.d. verið með sýningar- eða tónleikahaldi, samstarfi við félög bæjarins og skóla, eldri borgara og/eða aðra listamenn í sveitarfélaginu í samráði við menningarfulltrúa. Í lok árs skal bæjarlistamaður gera menningarnefnd stuttlega grein fyrir því hvernig til hefur tekist, með greinargerð.

### **5.gr.**

Bæjarlistamaður er tilnefndur í upphafi árs út almanaksárið. Menningarnefnd mælist til þess að “Bæjarlistamaður Fjallabyggðar” láti nafnbótina koma fram sem víðast.

### **6. gr.**

Gera skal skriflegan samning við bæjarlistamann.

### **7. gr.**

Reglur þessar taka gildi við samþykkt þeirra í bæjarstjórn.

Samþykkt af 44. fundi bæjarstjórnar 15. desember 2009